

## AUGLÝSING

### um samning um aðstoð ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar.

Hinn 27. janúar 2006 var Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um aðstoð ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar sem gerður var í Vín 26. september 1986. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 26. febrúar 2006.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 31. janúar 2006.*

**Geir H. Haarde.**

---

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR

### um aðstoð ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar.

RÍKIN, SEM ERU AÐILAR AÐ SAMNINGI ÞESSUM,  
SEM GERA SÉR GREIN FYRIR að starfsemi á sviði kjarnorku er stunduð í allnokkrum ríkjum,

SEM VEITA ÞVÍ ATHYGLI að umfangsmiklar ráðstafanir hafa verið gerðar og eru gerðar, til þess að tryggja að fyllsta öryggis sé gætt þar sem starfsemi á sviði kjarnorku er stunduð, sem miða að því að fyrirbyggja kjarnorkuslys og draga sem mest úr afleiðingum slíkra slysa, eigi þau sér stað,

SEM ÓSKA ÞESS að treysta enn frekar alþjóðlegt samstarf um örugga framþróun kjarnorku og örugga notkun hennar,

SEM ERU SANNFÆRÐ UM nauðsyn þess að til sé alþjóðleg áætlun sem muni greiða fyrir því að unnt sé að veita skjóta aðstoð ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar í því skyni að draga úr afleiðingum þess,

SEM VEITA ATHYGLI gagnsemi tví- og marghliða fyrirkomulags gagnkvæmrar aðstoðar á þessu sviði,

SEM VEITA ATHYGLI viðleitni Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar til þess að móta viðmiðunarreglur um fyrirkomulag gagnkvæmrar neyðaraðstoðar í tengslum við kjarnorkuslys eða neyðarástand af völdum geislunar,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

1. Samningsríkin skulu eiga samstarf sín á milli og við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina (hér á eftir nefnd „stofnunin“), í samræmi við ákvæði þessa samnings, í því skyni að greiða fyrir skjótri aðstoð ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar þannig að draga megi úr afleiðingum þess og vernda líf, eignir og umhverfi gegn áhrifum af völdum losunar geislavirkra efna.

2. Samningsríkin geta, í því skyni að auðvelda slíkt samstarf, samið um tví- eða marghliða fyrir- komulag eða, eftir því sem við á, samsetningu slíks fyrirkomulags til þess að koma í veg fyrir eða draga úr áverkum og skaða sem kunna að verða í kjölfar kjarnorkuslyss eða neyðarástands af völdum geislunar.
3. Samningsríkin fara þess á leit við stofnunina að hún geri sitt ítrasta, innan ramma stofnsam- þykktar sinnar og í samræmi við ákvæði þessa samnings, til þess að stuðla að, greiða fyrir og efla það samstarf samningsríkjanna sem ákvæði samnings þessa fjalla um.

## 2. gr.

*Aðstoð veitt.*

1. Þarfnist samningsríki aðstoðar, ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar, hvort sem upptök slyssins eða neyðarástandsins eru innan landsvæðis þess, lögsögu eða yfirráðasvæðis eða ekki, getur það kallað eftir aðstoð vegna slíks slyss eða neyðarástands frá hvaða öðru samningsríki sem er, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu stofnunarinnar, og frá stofnuninni eða, eftir því sem við á, frá öðrum alþjóðlegum millirikja- stofnunum (hér á eftir nefndar „alþjóðastofnanir“).
2. Samningsríki, sem óskar aðstoðar, skal tilgreina umfang þeirrar aðstoðar sem er nauðsynleg og eftir hvers konar aðstoð er óskað og láta aðilanum, sem veitir aðstoðina, þar sem því verður komið við, í té þær upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að hann geti ákveðið að hvaða marki hann er fær um að verða við beiðninni. Sé óframkvæmanlegt fyrir samningsríkið, sem óskar aðstoðar, að tilgreina umfang þeirrar aðstoðar sem er nauðsynleg og eftir hvers konar aðstoð er óskað skal samningsríkið, sem óskar aðstoðar, og aðilinn, sem veitir aðstoðina, ákveða umfang þeirrar aðstoðar sem er nauðsynleg, að höfðu samráði sín á milli, og um hvers konar aðstoð er að ræða.
3. Hvert samningsríki, sem beiðni um fyrrnefnda aðstoð er beint til, skal ákveða án tafar og til- kynna samningsríkinu, sem óskar aðstoðar, beint eða fyrir milligöngu stofnunarinnar, hvort það sé í aðstöðu til þess að veita umbeðna aðstoð og umfang þeirrar aðstoðar sem kann að verða veitt og með hvaða skilyrðum það yrði gert.
4. Samningsríkin skulu, innan þeirra marka sem geta þeirra leyfir, tilgreina og tilkynna stofnun- inni um sérfræðinga, tækjabúnað og gögn sem kynnu að verða tiltæk ef veita þyrfti öðrum samningsríkjum aðstoð vegna kjarnorkuslyss eða neyðarástands af völdum geislunar og um skilyrði, einkum fjárhagsleg, sem unnt yrði að veita aðstoð samkvæmt.
5. Hvert samningsríki getur beiðið um aðstoð sem lýtur að því að veita mönnum, sem hafa lent í kjarnorkuslysi eða eru fórnarlömb neyðarástands af völdum geislunar, læknishjálp eða flytja þá tímabundið inn á landsvæði annars samningsaðila.
6. Stofnunin skal bregðast við hjálparbeiðni samningsríkis, sem óskar aðstoðar, eða aðildarríkis vegna kjarnorkuslyss eða neyðarástands af völdum geislunar í samræmi við stofnsamþykkt sína og ákvæði þessa samnings með því að:
  - a) hafa tiltæk þau tilföng sem við eiga og ætluð eru í þessu skyni;
  - b) senda beiðnina tafarlaust öðrum ríkjum og alþjóðastofnunum sem, samkvæmt upplýsing- um stofnunarinnar, kunna að ráða yfir nauðsynlegum tilföngum; og
  - c) fari ríkið, sem óskar aðstoðar, fram á það, samræma þá aðstoð á alþjóðavísu sem tiltæk kann að verða með fyrrgreindum hætti.

## 3. gr.

*Stjórn aðstoðar og stýring.*

Nema annað sé samþykkt:

- a) skal ríkið, sem óskar aðstoðar, fara með yfirstjórn aðstoðarinnar, stýra henni, samræma hana og hafa eftirlit með henni á landsvæði sínu. Aðilanum, sem veitir aðstoð, ber, sé um þátttöku starfsliðs að ræða, að tilnefna, í samráði við ríkið sem óskar aðstoðar, þann ein- stakling sem settur er yfir og hefur beina verklega yfirumsjón með starfsliði og þeim tækja- búnaði sem það útvegar. Þeim einstaklingi sem er tilnefndur ber að rækja umsjónarskyldur sínar í samvinnu við hlutaðeigandi yfirvöld þess ríkis sem óskar aðstoðar;

- b) skal ríkið, sem óskar aðstoðar, láta í té, að því marki sem því er unnt, aðstöðu á staðnum og þjónustu til þess að stjórna megi hjálparstarfinu á réttan og skilvirkan hátt. Það skal og tryggja vernd starfsliðs, tækjabúnaðar og gagna sem aðilinn, sem veitir aðstoð, flytur inn á landsvæði hans í fyrrgreindum tilgangi;
- c) skal eignarhald yfir tækjabúnaði og gögnum, sem hvor aðilinn sem er lætur í té meðan aðstoð stendur yfir, vera óbreytt og tryggt að þeim verði skilað;
- d) skal samningsríki, sem veitir aðstoð að fram kominni beiðni skv. 5. mgr. 2. gr., samræma aðstöðina á landsvæði sínu.

## 4. gr.

*Lögbær yfirvöld og tengiliðir.*

1. Hvert samningsríki skal láta stofnuninni og öðrum samningsríkjum í té, beint eða fyrir milli-göngu stofnunarinnar, upplýsingar um lögbær yfirvöld sín og tengilið sem hafa heimild til að leggja fram og taka við beiðnum um aðstoð og þiggja boð um aðstoð. Slíkir tengiliðir skulu, ásamt hlutaðeigandi miðstöð innan stofnunarinnar, vera í viðbragðsstöðu að staðaldri.
2. Hvert samningsríki skal tilkynna stofnuninni án tafar um allar breytingar sem kunna að verða á þeim upplýsingum er um getur í 1. mgr.
3. Stofnunin skal láta samningsríkjum, aðildarríkjum og hlutaðeigandi alþjóðastofnunum í té þær upplýsingar er um getur í 1. og 2. mgr. með reglubundnum og skjóttum hætti.

## 5. gr.

*Hlutverk stofnunarinnar.*

Samningsaðilarnir fara þess á leit við stofnunina, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. og með fyrirvara um önnur ákvæði þessa samnings, að hún:

- a) safni og dreifi upplýsingum til samningsaðila og aðildarríkja um:
  - i) sérfræðinga, tækjabúnað og gögn sem kynnu að verða tiltæk ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar;
  - ii) aðferðafræði, tækni og fyrirliggjandi rannsóknarniðurstöður sem tengjast viðbrögðum við kjarnorkuslysum og neyðarástandi af völdum geislunar;
- b) aðstoði samningsríki eða aðildarríki, að fram kominni beiðni þar um, við eftirtaldir aðgerðir eða aðrar aðgerðir við hæfi:
  - i) að semja neyðaráætlanir í tilviki kjarnorkuslyss eða neyðarástands af völdum geislunar og undirbúa viðeigandi löggjöf;
  - ii) að semja viðeigandi áætlanir um þjálfun starfsliðs til þess að það sé í stakk búið að fást við kjarnorkuslys og neyðarástand af völdum geislunar;
  - iii) að senda aðstoðarbeiðnir og viðeigandi upplýsingar ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar;
  - iv) að semja viðeigandi áætlanir um eftirlit með geislun og finna upp aðferðir og setja viðmiðanir í tengslum við slíkt eftirlit;
  - v) að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á viðeigandi kerfi til eftirlits með geislun;
- c) hafi tiltæk fyrir samningsríki eða aðildarríki, sem óskar aðstoðar ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar, þau tilföng sem við eiga og ætluð eru til þess að gera frummat á slysinu eða neyðarástandinu;
- d) heiti samningsríkjunum og aðildarríkjum liðveislu ef kjarnorkuslys ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar;
- e) komi á og viðhaldi tengslum við hlutaðeigandi alþjóðastofnanir í því skyni að afla viðeigandi upplýsinga og gagna og skiptast á þeim og geri skrá yfir slíkar stofnanir sem sé aðgengileg samningsríkjum, aðildarríkjum og fyrrnefndum stofnunum.

## 6. gr.

*Þagnarskylda og opinberar yfirlýsingar.*

1. Ríkið, sem óskar aðstoðar, og aðilinn, sem veitir hana, skulu uppfylla þagnarskyldu með tilliti til trúnaðarupplýsinga sem hvor þeirra fær aðgang að í tengslum við aðstoð ef kjarnorkuslys

ber að höndum eða neyðarástand skapast af völdum geislunar. Nota ber slíkar upplýsingar einungis vegna þeirrar aðstoðar sem samkomulag er um.

2. Aðilinn, sem veitir aðstoð, skal kosta kapps um að hafa samráð við ríkið, sem óskar aðstoðar, áður en almenningur er upplýstur um þá aðstoð sem er veitt í tengslum við kjarnorkuslys eða neyðarástand af völdum geislunar.

#### 7. gr.

##### *Endurgreiðsla kostnaðar.*

1. Aðili, sem veitir aðstoð, getur boðið ríkinu, sem óskar aðstoðar, aðstoð sína því að kostnaðarlausu. Aðilinn, sem veitir aðstoð, skal taka mið af eftirfarandi er hann tekur til athugunar hvort bjóða skuli fram aðstoð á þeim grundvelli:
  - a) hvers eðlis kjarnorkuslysið eða neyðarástandið af völdum geislunar er;
  - b) hvar uppruni kjarnorkuslyssins er eða neyðarástandsins af völdum geislunar;
  - c) þörfum þróunarlanda;
  - d) sérþörfum landa án kjarnorkuvirkja; og
  - e) öðrum þáttum sem máli skipta.
2. Sé aðstoð veitt alfarið eða að hluta gegn endurgreiðslu skal ríkið, sem óskar aðstoðar, endurgreiða aðilanum, sem veitir aðstoð, kostnað samfara þjónustu sem einstaklingar eða stofnanir, sem koma fram fyrir hönd fyrrnefnds aðila, leggja í og útlagðan kostnað vegna aðstoðarinnar að svo miklu leyti sem ríkið, sem óskar aðstoðar, greiðir ekki slíkan útlagðan kostnað beint. Endurgreiðslu skal inna af hendi án tafar eftir að aðilinn, sem veitir aðstoð, hefur farið fram á endurgreiðslu við ríkið, sem óskar aðstoðar, nema samið sé um annað og skal frjálst að yfirfæra slíka endurgreiðslu vegna annars kostnaðar en kostnaðar á staðnum.
3. Aðilinn, sem veitir aðstoð, getur, hvenær sem er og þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., afsalað sér endurgreiðslunni, að öllu leyti eða að hluta, eða samþykkt að henni verði skotið á frest. Aðilar, sem veita aðstoð, skulu taka tilhlýðilegt tillit til þarfa þróunarlanda er þeir taka slíka niðurfellingu eða frestun til umfjöllunar.

#### 8. gr.

##### *Forréttindi, friðhelgi og aðstaða.*

1. Ríkið, sem óskar aðstoðar, skal veita starfslíði aðilans, sem veitir aðstoð, og starfslíði, sem vinnur á hans vegum, nauðsynleg forréttindi og friðhelgi og láta því í té nauðsynlega aðstöðu til þess að það geti veitt aðstöðina.
2. Ríkið, sem óskar aðstoðar, skal veita starfslíði aðilans, sem veitir aðstoð, eða starfslíði sem vinnur á hans vegum og fyrrnefndu ríki hefur verið tilkynnt um á viðeigandi hátt og það samþykkt eftirtalin forréttindi og friðhelgi:
  - a) friðhelgi að því er varðar handtöku, varðhald og málsókn, meðal annars refsiréttar-, einkamála- og framkvæmdavaldslögsögu, af hálfu ríkisins sem óskar aðstoðar, vegna athafna eða athafnaleysis við skyldustörf; og
  - b) undanþágu frá sköttum, tollum eða öðrum gjöldum, að þeim undanskildum sem eru innifalín í vöruverði eða greidd fyrir veitta þjónustu, sem tengjast hlutverki þess á sviði aðstoðar.
3. Aðildarríkið, sem óskar aðstoðar, skal:
  - a) veita aðilanum, sem veitir aðstoð, undanþágu frá sköttum, tollum eða öðrum gjöldum á þann tækjabúnað og eignarmuni sem hann flytur vegna aðstoðarinnar inn á landsvæði ríkisins sem óskar aðstoðar; og
  - b) tryggja friðhelgi að því er varðar haldlagningu, löggeymslu eða kröfu um afhendingu slíks tækjabúnaðar eða eignarmuna.
4. Ríkið, sem óskar aðstoðar, skal tryggja að ofangreindum tækjabúnaði og eignarmunum sé skilað. Komi fram beiðni frá aðilanum, sem veitir aðstoð, um slíkt skal ríkið, sem óskar aðstoðar, gera ráðstafanir til þess að endurheimtanlegur tækjabúnaður, sem notaður er við aðstöðina, sé afmengaður áður en honum er skilað.
5. Ríkið, sem óskar aðstoðar, skal greiða fyrir því að starfslíð, sem er tilkynnt skv. 2. mgr., og

- tækjabúnaður og eignarmunir, sem eru notaðir við aðstoðina, geti komið inn á innlent landsvæði þess, verið þar og farið eða verið fluttur þaðan.
6. Ekkert í grein þessari skyldar ríkið, sem óskar aðstoðar, til þess að veita ríkisborgurum sínum eða þeim, sem hafa þar fasta búsetu, þau forrættindi og friðhelgi sem kveðið er á um í undanfarandi málsgreinum.
  7. Öllum sem njóta forrættinda og friðhelgi samkvæmt þessari grein er skylt, án þess að það skerði fyrrnefnd forrættindi og friðhelgi, að virða lög og reglur ríkisins sem óskar aðstoðar. Á þeim hvílir og sú skylda að hafa ekki afskipti af innanríkismálum þess ríkis.
  8. Ekkert í grein þessari skerðir réttindi og skyldur með tilliti til forrættinda og friðhelgi sem eru veitt samkvæmt öðrum alþjóðasamningum eða reglum hefðbundins þjóðaréttar.
  9. Ríki er heimilt að lýsa því yfir, þegar það undirritar, fullgildir, staðfestir eða samþykkir þennan samning eða gerist aðili að honum, að það telji sig óbundið af ákvæðum 2. og 3. mgr. að öllu leyti eða hluta.
  10. Samningsríki, sem hefur gefið út yfirlýsingu í samræmi við 9. mgr., getur, hvenær sem er, dregið hana til baka með tilkynningu til vörsluaðila.

## 9. gr.

*Umflutningur starfsliðs, tækjabúnaðar og eignarmuna.*

Hvert samningsríki skal, að beiðni ríkisins sem óskar aðstoðar eða aðilans sem veitir aðstoð, leitast við að greiða fyrir flutningi starfsliðs, tækjabúnaðar og eignarmuna, sem notuð eru við aðstoðina og tilkynnt er um á viðeigandi hátt, um landsvæði sitt til og frá því ríki sem óskar aðstoðar.

## 10. gr.

*Bótakröfur og skaðabætur.*

1. Samningsríkin skulu vinna náið saman að því að málarekstur og tjónauppgjör verði til lykta leidd samkvæmt þessari grein.
2. Ríki, sem óskar aðstoðar, skal, nema samið sé um annað, er um ræðir dauða einstaklings eða meiðsl, tjón á eignarmunum eða tap þeirra eða umhverfisspjöll sem verða á landsvæði þess eða öðru svæði í lögsögu þess eða yfirráðasvæði þegar umbeðin aðstoð er veitt:
  - a) eigi hefja málarekstur gegn aðilanum, sem veitir aðstoð, eða einstaklingum eða öðrum lögaðilum sem koma fram fyrir hans hönd;
  - b) axla þá ábyrgð að bregðast við málarekstri og bótakröfum sem þriðju aðilar hefja gegn og gera á hendur aðilanum, sem veitir aðstoð, eða einstaklingum eða öðrum lögaðilum sem koma fram fyrir hans hönd;
  - c) telja aðilann, sem veitir aðstoð, eða einstaklinga eða aðra lögaðila, sem koma fram fyrir hans hönd, skaðlausu að því er varðar málarekstur og bótakröfur er um getur í b-lið; og
  - d) greiða aðilanum, sem veitir aðstoð, eða einstaklingum eða öðrum lögaðilum, sem koma fram fyrir hans hönd, skaðabætur vegna:
    - i) dauða eða meiðsla einstaklinga í starfsliði aðilans, sem veitir aðstoð, eða einstaklinga sem koma fram fyrir hans hönd;
    - ii) taps eða tjóns á endurnýtanlegum tækjabúnaði eða gögnum sem eru notuð við aðstoðina; nema um sé að ræða visvitandi misgerðir þeirra einstaklinga sem urðu valdir að dauða, meiðslum, tapi eða tjóni.
3. Ákvæði þessarar greinar útiloka ekki skaðabætur eða skaðleysisbætur sem eru fánlegar samkvæmt alþjóðasamningi eða landslögum ríkis.
4. Ekkert í grein þessari skyldar ríkið, sem óskar aðstoðar, til þess að beita ákvæðum 2. mgr., að öllu leyti eða hluta, gagnvart ríkisborgurum sínum eða þeim sem hafa þar fasta búsetu.
5. Ríki er heimilt að lýsa því yfir, þegar það undirritar, fullgildir, staðfestir eða samþykkir þennan samning eða gerist aðili að honum:
  - a) að það telji sig óbundið af 2. mgr., að öllu leyti eða hluta;
  - b) að það muni ekki beita ákvæðum 2. mgr., að öllu leyti eða hluta, er um ræðir algert gáleysi þeirra einstaklinga sem urðu valdir að dauða, meiðslum, tapi eða tjóni.

6. Samningsríki, sem hefur gefið út yfirlýsingu í samræmi við 5. mgr., getur dregið yfirlýsinguna til baka, hvenær sem er, með tilkynningu til vörsluaðila.

11. gr.

*Aðstoð hætt.*

Ríkið, sem óskar aðstoðar, eða aðilinn, sem veitir aðstoð, getur, hvenær sem er að afloknu eðlilegu samráði og með skriflegri tilkynningu, óskað eftir að aðstoð, sem er þegin eða veitt samkvæmt samningi þessum, verði hætt. Hlutaðeigandi aðilar skulu, að fram kominni slíkri beiðni, eiga samráð sín á milli í því skyni að gera ráðstafanir til að ljúka megi aðstoðinni með viðeigandi hætti.

12. gr.

*Tengsl við aðra alþjóðasamninga.*

Samningur þessi hefur ekki áhrif á gagnkvæm réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt gildandi alþjóðasamningum, sem eiga skylt við þau málefni sem samningur þessi fjallar um, eða samkvæmt alþjóðasamningum sem síðar kunna að verða gerðir í samræmi við tilgang og markmið samnings þessa.

13. gr.

*Lausn deilumála.*

1. Rísi ágreiningur milli samningsríkja eða milli samningsríkis og stofnunarinnar um með hvaða hætti beri að túlka samning þennan eða beita ákvæðum hans ber deiluaðilum að ráðgast sín á milli í því skyni að leysa deiluna með samningaviðræðum eða eftir öðrum friðsamlegum leiðum til lausnar deilumálum sem þeir geta sætt sig við.
2. Ef ekki er unnt að leysa þess konar deilu milli samningsaðila innan eins árs frá því að beiðni um samráð skv. 1. mgr. er lögð fram ber að setja deiluna í gerð eða vísa henni til Alþjóðadómstólsins til úrlausnar að beiðni einhvers deiluaðila. Geti aðilar að deilu, sem er sett í gerð, ekki komist að samkomulagi um skipulag gerðardóms innan sex mánaða frá því að beiðni um gerðardómsmeðferð er lögð fram getur deiluaðili farið þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að hann tilnefni einn gerðarmann eða fleiri. Ef ósamhljóða beiðnir koma fram frá deiluaðilum skal beiðnin, sem er send aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, hafa forgang.
3. Ríki er heimilt að lýsa því yfir, þegar það undirritar, fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum, að það telji sig óbundið af annarri þeirri aðferð til lausnar deilumálum sem kveðið er á um í 2. mgr. eða þeim báðum. Hin samningsríkin skulu óbundin af aðferð til lausnar deilumálum, sem kveðið er á um í 2. mgr., að því er varðar samningsríki sem slík yfirlýsing gildir um.
4. Samningsríki, sem hefur gefið út yfirlýsingu í samræmi við 3. mgr., getur dregið yfirlýsinguna til baka, hvenær sem er, með tilkynningu til vörsluaðila.

14. gr.

*Gildistaka.*

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja og Namibíu, sem Namibíunefnd Sameinuðu þjóðanna er í fyrirsvari fyrir, í aðalstöðvum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vínarborg frá 26. september 1986 og í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 6. október 1986 þar til hann öðlast gildi eða í 12 mánuði, hvort sem síðar verður.
2. Ríki og Namibía, sem Namibíunefnd Sameinuðu þjóðanna er í fyrirsvari fyrir, geta lýst sig samþykk því að vera bundin af samningi þessum, annaðhvort með því að undirrita hann eða með því að afhenda skjal um fullgildinguna, staðfestingu eða samþykki til vörslu að aflokinni undirritun með fyrirvara um fullgildinguna, staðfestingu eða samþykki eða með því að afhenda aðildarskjal til vörslu. Afhenda ber vörsluaðila skjöl um fullgildinguna, staðfestingu eða samþykki eða aðildarskjal til vörslu.
3. Samningur þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að þrjú ríki hafa lýst sig samþykk því að vera bundin af honum.

4. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju ríki, sem lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum eftir að hann öðlast gildi, þrjátíu dögum eftir þann dag er það lýsir yfir samþykki sínu.
5. a) Aðild að samningi þessum er heimil, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, alþjóðastofnunarinnar og svæðisstofnunarinnar um samvinnu sem eru settar á fót af fullvalda ríkjum og eru til þess bærar að vinna að undirbúningi, gerð og framkvæmd alþjóðasamninga um málefni sem samningur þessi fjallar um.
- b) Stofnanir þessar skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra og í eigin nafni, neyta þeirra réttinda sem samningur þessi veitir aðildarríkjum og uppfylla þær skyldur sem leiðir af honum.
- c) Þegar fyrrnefndar stofnanir afhenda aðildarskjöl sín til vörslu skulu þær senda vörsluaðila yfirlýsingu þar sem tilgreint er hvert valdsvið þeirra er í þeim málum sem samningur þessi nær til.
- d) Fyrrnefndar stofnanir skulu ekki fara með önnur atkvæði en atkvæði aðildarríkja sinna.

## 15. gr.

*Ákvæðum samningsins beitt til bráðabirgða.*

Ríki er heimilt, samhliða því að það undirritar samning þennan eða hvenær sem er síðar áður en hann öðlast gildi gagnvart því, að lýsa því yfir að það muni beita ákvæðum hans til bráðabirgða.

## 16. gr.

*Breytingar.*

1. Samningsríki er heimilt að leggja fram breytingartillögur við samning þennan. Breytingartillögu skal senda vörsluaðila sem skal dreifa henni án tafar til allra annarra samningsríkja.
2. Óski meirihluti samningsríkjanna eftir því við vörsluaðila að hann boði til ráðstefnu til að fjalla um breytingartillögurnar skal vörsluaðili bjóða öllum samningsríkjum að sækja slíka ráðstefnu sem skal halda eigi fyrr en þrjátíu dögum eftir að boðin eru send. Breytingar, sem eru samþykktar á ráðstefnunni með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra samningsríkja, skal setja fram í formi bókunar sem liggur frammi til undirritunar í Vínarborg og New York af hálfu allra samningsríkja.
3. Bókunin öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að þrjú ríki hafa lýst sig samþykkt því að vera bundin af henni. Bókunin öðlast gildi gagnvart hverju ríki, sem lýsir sig samþykkt því að vera bundið af henni eftir að hún öðlast gildi, þrjátíu dögum eftir þann dag er það lýsir yfir samþykki sínu.

## 17. gr.

*Uppsögn.*

1. Samningsríki getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.
2. Uppsögn kemur til framkvæmda einu ári eftir þann dag er vörsluaðilinn veitir tilkynningunni viðtöku.

## 18. gr.

*Vörsluaðili.*

1. Aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar skal vera vörsluaðili samnings þessa.
2. Aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar skal tilkynna samningsríkjum og öllum öðrum ríkjum um:
  - a) hverja undirritun samnings þessa eða bókunar um breytingu;
  - b) hverja afhendingu skjals um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem tengist samningi þessum eða bókun um breytingu, til vörslu;
  - c) hverja yfirlýsingu eða afturköllun hennar í samræmi við ákvæði 8., 10, og 13. gr.;
  - d) hverja yfirlýsingu um beitingu ákvæða samnings þessa til bráðabirgða í samræmi við 15. gr.;
  - e) gildistöku samnings þessa og breytingar á honum; og
  - f) hverja uppsögn skv. 17. gr.

19. gr.

*Gildir textar og staðfest endurrit.*

Frumrit samnings þessa, en textar þess á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar til vörslu sem sendir samningsríkjum og öllum öðrum ríkjum staðfest endurrit þess.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan sem lagður er fram til undirritunar eins og kveðið er á um í 1. mgr. 14. gr.

SAMÞYKKT í Vínarborg 26. september 1986 á sérstökum fundi aðalráðstefnu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.



**CONVENTION**  
**on Assistance in the Case of a Nuclear Accident or Radiological Emergency**

THE STATES PARTIES TO THIS CONVENTION,

AWARE that nuclear activities are being carried out in a number of States,

NOTING that comprehensive measures have been and are being taken to ensure a high level of safety in nuclear activities, aimed at preventing nuclear accidents and minimizing the consequences of any such accident, should it occur,

DESIRING to strengthen further international co-operation in the safe development and use of nuclear energy,

CONVINCED of the need for an international framework which will facilitate the prompt provision of assistance in the event of a nuclear accident or radiological emergency to mitigate its consequences,

NOTING the usefulness of bilateral and multilateral arrangements on mutual assistance in this area,

NOTING the activities of the International Atomic Energy Agency in developing guidelines for mutual emergency assistance arrangements in connection with a nuclear accident or radiological emergency,

HAVE AGREED as follows:

Article 1

*General provisions*

1. The States Parties shall cooperate between themselves and with the International Atomic Energy Agency (hereinafter referred to as the "Agency") in accordance with the provisions of this Convention to facilitate prompt assistance in the event of a nuclear accident or radiological emergency to minimize its consequences and to protect life, property and the environment from the effects of radioactive releases.
2. To facilitate such cooperation States Parties may agree on bilateral or multilateral arrangements or, where appropriate, a combination of these, for preventing or minimizing injury and damage which may result in the event of a nuclear accident or radiological emergency.
3. The States Parties request the Agency, acting within the framework of its Statute, to use its best endeavours in accordance with the provisions of this Convention to promote, facilitate and support the cooperation between States Parties provided for in this Convention.

Article 2

*Provision of assistance*

1. If a State Party needs assistance in the event of a nuclear accident or radiological emergency, whether or not such accident or emergency originates within its territory, jurisdiction or control, it may call for such assistance from any other State Party, directly or through the Agency, and from the Agency, or, where appropriate, from other international intergovernmental organizations (hereinafter referred to as "international organizations").
2. A State Party requesting assistance shall specify the scope and type of assistance required and, where practicable, provide the assisting party with such information as may be necessary for that party to determine the extent to which it is able to meet the request. In the event that it is not practicable for the requesting State Party to specify the scope and type of assistance required, the requesting State Party and the assisting party shall, in consultation, decide upon the scope and type of assistance required.
3. Each State Party to which a request for such assistance is directed shall promptly decide and notify the requesting State Party, directly or through the Agency, whether it is in a position to render the assistance requested, and the scope and terms of the assistance that might be rendered.
4. States Parties shall, within the limits of their capabilities, identify and notify the Agency of experts, equipment and materials which could be made available for the provision of assistance to other States Parties in the event of a nuclear accident or radiological emergency as well as the terms, especially financial, under which such assistance could be provided.

5. Any State Party may request assistance relating to medical treatment or temporary relocation into the territory of another State Party of people involved in a nuclear accident or radiological emergency.
6. The Agency shall respond, in accordance with its Statute and as provided for in this Convention, to a requesting State Party's or a Member State's request for assistance in the event of a nuclear accident or radiological emergency by:
  1. making available appropriate resources allocated for this purpose;
  2. transmitting promptly the request to other States and international organizations which, according to the Agency's information, may possess the necessary resources; and
  3. if so requested by the requesting State, co-ordinating the assistance at the international level which may thus become available.

### Article 3

#### *Direction and control of assistance*

Unless otherwise agreed:

- a. the overall direction, control, co-ordination and supervision of the assistance shall be the responsibility within its territory of the requesting State. The assisting party should, where the assistance involves personnel, designate in consultation with the requesting State, the person who should be in charge of and retain immediate operational supervision over the personnel and the equipment provided by it. The designated person should exercise such supervision in cooperation with the appropriate authorities of the requesting State;
- b. the requesting State shall provide, to the extent of its capabilities, local facilities and services for the proper and effective administration of the assistance. It shall also ensure the protection of personnel, equipment and materials brought into its territory by or on behalf of the assisting party for such purpose;
- c. ownership of equipment and materials provided by either party during the periods of assistance shall be unaffected, and their return shall be ensured;
- d. a State Party providing assistance in response to a request under paragraph 5 of article 2 shall co-ordinate that assistance within its territory.

### Article 4

#### *Competent authorities and points of contact*

1. Each State Party shall make known to the Agency and to other States Parties, directly or through the Agency, its competent authorities and point of contact authorized to make and receive requests for and to accept offers of assistance. Such points of contact and a focal point within the Agency shall be available continuously.
2. Each State Party shall promptly inform the Agency of any changes that may occur in the information referred to in paragraph 1.
3. The Agency shall regularly and expeditiously provide to States Parties, Member States and relevant international organizations the information referred to in paragraphs 1 and 2.

### Article 5

#### *Functions of the Agency*

The States Parties request the Agency, in accordance with paragraph 3 of article 1 and without prejudice to other provisions of this Convention, to:

- a. collect and disseminate to States Parties and Member States information concerning:
  - i. experts, equipment and materials which could be made available in the event of nuclear accidents or radiological emergencies;
  - ii. methodologies, techniques and available results of research relating to response to nuclear accidents or radiological emergencies;
- b. assist a State Party or a Member State when requested in any of the following or other appropriate matters:
  - i. preparing both emergency plans in the case of nuclear accidents and radiological emergencies and the appropriate legislation;

- ii. developing appropriate training programmes for personnel to deal with nuclear accidents and radiological emergencies;
  - iii. transmitting requests for assistance and relevant information in the event of a nuclear accident or radiological emergency;
  - iv. developing appropriate radiation monitoring programmes, procedures and standards;
  - v. conducting investigations into the feasibility of establishing appropriate radiation monitoring systems;
- c. make available to a State Party or a Member State requesting assistance in the event of a nuclear accident or radiological emergency appropriate resources allocated for the purpose of conducting an initial assessment of the accident or emergency;
  - d. offer its good offices to the States Parties and Member States in the event of a nuclear accident or radiological emergency;
  - e. establish and maintain liaison with relevant international organizations for the purposes of obtaining and exchanging relevant information and data, and make a list of such organizations available to States Parties, Member States and the aforementioned organizations.

#### Article 6

##### *Confidentiality and public statements*

1. The requesting State and the assisting party shall protect the confidentiality of any confidential information that becomes available to either of them in connection with the assistance in the event of a nuclear accident or radiological emergency. Such information shall be used exclusively for the purpose of the assistance agreed upon.
2. The assisting party shall make every effort to coordinate with the requesting State before releasing information to the public on the assistance provided in connection with a nuclear accident or radiological emergency.

#### Article 7

##### *Reimbursement of costs*

1. An assisting party may offer assistance without costs to the requesting State. When considering whether to offer assistance on such a basis, the assisting party shall take into account:
  - a. the nature of the nuclear accident or radiological emergency;
  - b. the place of origin of the nuclear accident or radiological emergency;
  - c. the needs of developing countries;
  - d. the particular needs of countries without nuclear facilities; and
  - e. any other relevant factors.
2. When assistance is provided wholly or partly on a reimbursement basis, the requesting State shall reimburse the assisting party for the costs incurred for the services rendered by persons or organizations acting on its behalf, and for all expenses in connection with the assistance to the extent that such expenses are not directly defrayed by the requesting State. Unless otherwise agreed, reimbursement shall be provided promptly after the assisting party has presented its request for reimbursement to the requesting State, and in respect of costs other than local costs, shall be freely transferrable.
3. Notwithstanding paragraph 2, the assisting party may at any time waive, or agree to the postponement of, the reimbursement in whole or in part. In considering such waiver or postponement, assisting parties shall give due consideration to the needs of developing countries.

#### Article 8

##### *Privileges, immunities and facilities*

1. The requesting State shall afford to personnel of the assisting party and personnel acting on its behalf the necessary privileges, immunities and facilities for the performance of their assistance functions.
2. The requesting State shall afford the following privileges and immunities to personnel of the assisting party or personnel acting on its behalf who have been duly notified to and accepted by the requesting State:

- a. immunity from arrest, detention and legal process, including criminal, civil and administrative jurisdiction, of the requesting State, in respect of acts or omissions in the performance of their duties; and
  - b. exemption from taxation, duties or other charges, except those which are normally incorporated in the price of goods or paid for services rendered, in respect of the performance of their assistance functions.
3. The requesting State shall:
    - a. afford the assisting party exemption from taxation, duties or other charges on the equipment and property brought into the territory of the requesting State by the assisting party for the purpose of the assistance; and
    - b. provide immunity from seizure, attachment or requisition of such equipment and property.
  4. The requesting State shall ensure the return of such equipment and property. If requested by the assisting party, the requesting State shall arrange, to the extent it is able to do so, for the necessary decontamination of recoverable equipment involved in the assistance before its return.
  5. The requesting State shall facilitate the entry into, stay in and departure from its national territory of personnel notified pursuant to paragraph 2 and of equipment and property involved in the assistance.
  6. Nothing in this article shall require the requesting State to provide its nationals or permanent residents with the privileges and immunities provided for in the foregoing paragraphs.
  7. Without prejudice to the privileges and immunities, all beneficiaries enjoying such privileges and immunities under this article have a duty to respect the laws and regulations of the requesting State. They shall also have the duty not to interfere in the domestic affairs of the requesting State.
  8. Nothing in this article shall prejudice rights and obligations with respect to privileges and immunities afforded pursuant to other international agreements or the rules of customary international law.
  9. When signing, ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, a State may declare that it does not consider itself bound in whole or in part by paragraphs 2 and 3.
  10. A State Party which has made a declaration in accordance with paragraph 9 may at any time withdraw it by notification to the depositary.

#### Article 9

##### *Transit of personnel, equipment and property*

Each State Party shall, at the request of the requesting State or the assisting party, seek to facilitate the transit through its territory of duly notified personnel, equipment and property involved in the assistance to and from the requesting State.

#### Article 10

##### *Claims and compensation*

1. The States Parties shall closely cooperate in order to facilitate the settlement of legal proceedings and claims under this article.
2. Unless otherwise agreed, a requesting State shall in respect of death or of injury to persons, damage to or loss of property, or damage to the environment caused within its territory or other area under its jurisdiction or control in the course of providing the assistance requested:
  - a. not bring any legal proceedings against the assisting party or persons or other legal entities acting on its behalf;
  - b. assume responsibility for dealing with legal proceedings and claims brought by third parties against the assisting party or against persons or other legal entities acting on its behalf;
  - c. hold the assisting party or persons or other legal entities acting on its behalf harmless in respect of legal proceedings and claims referred to in sub-paragraph (b); and
  - d. compensate the assisting party or persons or other legal entities acting on its behalf for:
    - i. death of or injury to personnel of the assisting party or persons acting on its behalf;
    - ii. loss of or damage to non-consumable equipment or materials related to the assistance;

- except in cases of wilful misconduct by the individuals who caused the death, injury, loss or damage.
3. This article shall not prevent compensation or indemnity available under any applicable international agreement or national law of any State.
  4. Nothing in this article shall require the requesting State to apply paragraph 2 in whole or in part to its nationals or permanent residents.
  5. When signing, ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, a State may declare:
    - a. that it does not consider itself bound in whole or in part by paragraph 2;
    - b. that it will not apply paragraph 2 in whole or in part in cases of gross negligence by the individuals who caused the death, injury, loss or damage.
  6. A State Party which has made a declaration in accordance with paragraph 5 may at any time withdraw it by notification to the depositary.

#### Article 11

##### *Termination of assistance*

The requesting State or the assisting party may at any time, after appropriate consultations and by notification in writing, request the termination of assistance received or provided under this Convention. Once such a request has been made, the parties involved shall consult with each other to make arrangements for the proper conclusion of the assistance.

#### Article 12

##### *Relationship to other international agreements*

This Convention shall not affect the reciprocal rights and obligations of States Parties under existing international agreements which relate to the matters covered by this Convention, or under future international agreements concluded in accordance with the object and purpose of this Convention.

#### Article 13

##### *Settlement of disputes*

1. In the event of a dispute between States Parties, or between a State Party and the Agency, concerning the interpretation or application of this Convention, the parties to the dispute shall consult with a view to the settlement of the dispute by negotiation or by any other peaceful means of settling disputes acceptable to them.
2. If a dispute of this character between States Parties cannot be settled within one year from the request for consultation pursuant to paragraph 1, it shall, at the request of any party to such dispute, be submitted to arbitration or referred to the International Court of Justice for decision. Where a dispute is submitted to arbitration, if, within six months from the date of the request, the parties to the dispute are unable to agree on the organization of the arbitration, a party may request the President of The International Court of Justice or the Secretary-General of the United Nations to appoint one or more arbitrators. In cases of conflicting requests by the parties to the dispute, the request to the Secretary-General of the United Nations shall have priority.
3. When signing, ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, a State may declare that it does not consider itself bound by either or both of the dispute settlement procedures provided for in paragraph 2. The other States Parties shall not be bound by a dispute settlement procedure provided for in paragraph 2 with respect to a State Party for which such a declaration is in force.
4. A State Party which has made a declaration in accordance with paragraph 3 may at any time withdraw it by notification to the depositary.

#### Article 14

##### *Entry into force*

1. This Convention shall be open for signature by all States and Namibia, represented by the

United Nations Council for Namibia, at the Headquarters of the International Atomic Energy Agency in Vienna and at the Headquarters of the United Nations in New York, from 26 September 1986 and 6 October 1986 respectively, until its entry into force or for twelve months, whichever period is longer.

2. A State and Namibia, represented by the United Nations Council for Namibia, may express its consent to be bound by this Convention either by signature, or by deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval following signature made subject to ratification, acceptance or approval, or by deposit of an instrument of accession. The instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the depositary.
3. This Convention shall enter into force thirty days after consent to be bound has been expressed by three States.
4. For each State expressing consent to be bound by this Convention after its entry into force, this Convention shall enter into force for that State thirty days after the date of expression of consent.
  - a. This Convention shall be open for accession, as provided for in this article, by international organizations and regional integration organizations constituted by sovereign States, which have competence in respect of the negotiation, conclusion and application of international agreements in matters covered by this Convention.
  - b. In matters within their competence such organizations shall, on their own behalf, exercise the rights and fulfil the obligations which this Convention attributes to States Parties.
  - c. When depositing its instrument of accession, such an organization shall communicate to the depositary a declaration indicating the extent of its competence in respect of matters covered by this Convention.
  - d. Such an organization shall not hold any vote additional to those of its Member States.

#### Article 15

##### *Provisional application*

A State may, upon signature or at any later date before this Convention enters into force for it, declare that it will apply this Convention provisionally.

#### Article 16

##### *Amendments*

1. A State Party may propose amendments to this Convention. The proposed amendment shall be submitted to the depositary who shall circulate it immediately to all other States Parties.
2. If a majority of the States Parties request the depositary to convene a conference to consider the proposed amendments, the depositary shall invite all States Parties to attend such a conference to begin not sooner than thirty days after the invitations are issued. Any amendment adopted at the conference by a two-thirds majority of all States Parties shall be laid down in a protocol which is open to signature in Vienna and New York by all States Parties.
3. The protocol shall enter into force thirty days after consent to be bound has been expressed by three States. For each State, expressing consent to be bound by the protocol after its entry into force, the protocol shall enter into force for that State thirty days after the date of expression of consent.

#### Article 17

##### *Denunciation*

A State Party may denounce this Convention by written notification to the depositary.

Denunciation shall take effect one year following the date on which the notification is received by the depositary.

#### Article 18

##### *Depositary*

1. The Director General of the Agency shall be the depositary of this Convention.
2. The Director General of the Agency shall promptly notify States Parties and all other States of:

- a. each signature of this Convention or any protocol of amendment;
- b. each deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession concerning this Convention or any protocol of amendment;
- c. any declaration or withdrawal thereof in accordance with articles 8, 10 and 13;
- d. any declaration of provisional application of this Convention in accordance with article 15;
- e. the entry into force of this Convention and of any amendment thereto; and
- f. any denunciation made under article 17.

Article 19

*Authentic texts and certified copies*

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Director General of the International Atomic Energy Agency who shall send certified copies to States Parties and all other States.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized, have signed this Convention, open for signature as provided for in paragraph 1 of article 14.

ADOPTED by the General Conference of the International Atomic Energy Agency meeting in special session at Vienna on the twenty-sixth day of September one thousand nine hundred and eighty-six.